

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 13.3.2023
UST202203-073/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmæling 2022 - Olíudreifing ehf., Hvalfirði, geymir T0122 (nr. 17)

Umhverfisstofnun barst þann 29. desember 2022, þykktarmæling og segulssviðsskönnun á olíugeymi Olíudreifingar ehf., Hvalfirði. Geymirinn hefur fastanúmerið T0122 og eigendanúmerið 311.17.00 og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila að Litla-Sandi, Hvalfirði. Geymirinn er standandi stálgeymir smíðaður árið 1970.

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli Arnar Guðmundsson hjá HD ehf., þann 7. september 2022. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner. Serial No.MK4 0016-A-TFS. Var botn geymisins mældur ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu nr. TM_MFL_221844_T0122_17_2022 frá HD ehf., að geymirinn sé málaður að hluta að innan og sé í þokkalegu ásigkomulagi að innanverðu. Fram kemur að gólf ásamt neðsta umfarinu er ótært að innan. Málning þarfnast viðgerðar. Meðfylgjandi er skýrsla HD ehf. um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum.
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
Teymisstjóri